

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 282/2014****2015/EES/71/29****frá 12. desember 2014****um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og
upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/207/ESB frá 11. apríl 2014 um að tilnefna skráningarstofu fyrir .eu höfuðlénið ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum framkvæmdarákvörðunar 2014/207/ESB fellur út gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/375/EB ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 50aa (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/375/EB) í XI. viðauka við EES-samninginn hljóði svo:

„**32014 D 0207**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/207/ESB frá 11. apríl 2014 um að tilnefna skráningarstofu fyrir .eu höfuðlénið (Stjtið. ESB L 109, 12.4.2014, bls. 41).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar 2014/207/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. desember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. desember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegru EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 109, 12.4.2014, bls. 41.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 128, 24.5.2003, bls. 29.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.